



Íbúaráð Vesturbæjar

***Efni: Tillaga um skólahverfi í Skerjafirði***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. mars 2021 var lögð fram eftirfarandi tillaga um nýtt skólahverfi í Skerjafirði.

Lagt er til að samþykkt verði nýtt skólahverfi í Skerjafirði fyrir nemendur í 1.-7. bekk grunnskóla. Nýju skólahverfi tilheyri stóri, litli Skerjafjörður suður og ný íbúabyggð, Skerjabyggð í Skerjafirði. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir 1.400 nýjum íbúðum í nýju hverfi. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir byggingu 700 íbúða. Þá er lagt til að nemendur sem búa í litla Skerjafirði norður sæki skóla í Melaskóla en geti valið að fara í skólann í Skerjafirði. Unglingar (8. – 10. bekkur) í hverfinu munu sækja Hagaskóla. Breytingin taki gildi um leið og nýr skóli í Skerjafirði er risinn. Ljóst er að þrengsli eru nú þegar í skóla- og frístundastarfi í Melaskóla og Hagaskóla. Vinna starfshópa er í gangi varðandi húsnæðisþörf og endurbætur í skólunum tveimur. Gert er ráð fyrir því að þeir starfshópar skili af sér síðar á vormánuðum 2021. Þá tekur við ákvarðanatáka um framkvæmdir og í kjölfarið ferli hönnunar og framkvæmda.

Meðfylgjandi tillaga er hér með send íbúaráði Vesturbæjar til umsagnar. Óskað er eftir að umsögn berist innan 21 dags frá dagsetningu bréfs þessa.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Greinargerð í viðhengi